

# Starfsábyrgðartrygging einkaleyfa-, vörumerkja- og hönnunarverndarstofa

SJÓVÁ

## Upplýsingaskjal um vátryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skilmálar nr. 106 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Starfsábyrgðartrygging einkaleyfa-, vörumerkja og hönnunarverndarstofa bætir fjártjón viðskiptavina eða annars þriðja aðila, sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á vegna mistaka við veitingu sérfræðiþjónustu.



#### Hvað er tryggt?

##### Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Skaðabótakröfu á hendur vátryggðum vegna mistaka eða vanrækslu hans sem kemur fram á gildistíma tryggingarinnar.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Tryggingin bætir ekki:

- ✗ Tjón sem verða vegna ásetnings vátryggingartaka eða starfsfólks hans.
- ✗ Tjón vegna sekta sem vátryggingartaka er gert að greiða.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki bætur vegna líkamstjóna eða skemmda á munum.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á Íslandi.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarf að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarf að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarf að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



#### Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.